

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

S A M Þ Y K K T**um búfjárhald í Eyrarsveit.**

1. gr.

Í Eyrarsveit er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Hreppsnefnd gertur þó veitt leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari. Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

2. gr.

Lausaganga hrossa og nautgripa er bönnuð í Eyrarsveit. Einnig er öll lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, bönnuð innan girðingar umhverfis Grundarfjarðarkauptún.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

6. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Grundarfirði nr. 260 22. júní 1977.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

um styrki Snorra Sturlusonar.

1. Styrkir Snorra Sturlusonar (The Snorri Sturluson Icelandic Fellowships) skulu árlega boðnir erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í því skyni að kynnst sem best íslenskri tungu, menningu og mannlífi. Styrkþegum skal gefinn kostur á að nema íslenska tungu eða stunda rannsóknir í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands sé þess óskað.
2. Styrkirnir skulu veittir í 3 mánuði hið minnsta og miðast að öllu jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá landinu og dvalarkostnaði innanlands. Ráðstöfunarfé til styrkjanna er ákveðið í fjárlögum.
3. Menntamálaráðherra skipar úthlutunarnefnd til þriggja ára í senn. Rithöfundasamband Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Stofnun Sigurðar Nordals annan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands hinn þriðja en menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.
4. Stofnun Sigurðar Nordals auglýsir styrkina, tekur á móti umsóknum og greiðir götu styrkþega meðan á Íslandsdvöl þeirra stendur.
5. Auglýst skal eftir umsóknum um styrkina einu sinni á ári og skal styrktímabilið miðast við almanaksár. Með umsóknum fylgi rækileg greinargerð um námsferil og störf. Af tveimur jafnhæfum umsækjendum skal að jafnaði sá hljóta styrk sem er frá hinum fjarlægari löndum – frá Austur- og Suður-Evrópu, Asíu, Afríku, Rómönsku Ameríku eða Eyjaálflu.
6. Í lok Íslandsdvalar sinnar skulu styrkþegar skila Stofnun Sigurðar Nordals greinargerð um hvernig styrknum var varið.

Menntamálaráðuneytið, 24. júní 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.